




Umsókn um framkvæmdaleyfi Göngu- og hjólreiðastígur við Kjarnaveg



Mynd 1 – Sýnir fyrirhugaða framkvæmd



Þversnið stígur og Kjamargata (Kjamavegur)

Mynd 2 – Snið sem sýnir fyrirhugaða framkvæmd

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar sækir hér um framkvæmdaleyfi til Akureyrarbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/210, vegna framkvæmda við gerð stígs meðfram Kjarnavegi milli Hamra og Wilhelminugötu um er að ræða 1. verkáfangi göngu- og hjólreiðastígs sem mun tengjast við Kjarnaskóg. Ráðgert að framkvæmdum við göngustíginn verði lokið í byrjun júní 2023.



Akureyrarbaer

Við Kjarnaveg kemur nýr göngu- og hjólastígur að vestanverðu. Þar þarf að fjarlægja girðingu og fylla í núverandi túnskurð. Nýr skurður kemur ofan við stíginn og til suðurs að læk sunnan Hamravegar. Endurgirða þarf með skurðinum og einnig við túnin syðst á svæðinu. Milli Kjarnavegar og stígs kemur vatnsrás með vangsvelgjum sem flytja vatnið yfir í skurðinn og við báða enda hans eru yfirfallbrunnar. Ræsi eru á leiðinni og undir Hamravegin og þar eru líka ídráttarrör. Gatnalýsing verður meðfram stígnum í 1,0 m fjarlægð sem lýsir bæði upp stíg og Kjarnaveg.

Við gatnamót Kjarnavegar og Hamravegar eru gerðar breytingar á núverandi gatnamótum. Nýr göngu- og hjólastígur þvera göturnar báðar og austan við Kjarnaveg kemur ný gönguleið um 170 metra áfram til austurs, en hún og reiðleiðin fylgir nokkurn vegin línustæði Hólasandslínu 3 á þessu svæði. Núverandi reiðleið færast norðar á um 75 metra svæði næst götunni og hækkar. Beggja megin hennar koma öryggisgrindur þ.e. þverslár og vinkilgrindur úr timbri á niðurgröfnum tréstaorum, samskonar og á þverun reiðleiðar við Eyjafjarðarbraut eystri. Hönnun á gatnamótum Hamravegar gerir ráð fyrir miðeyju og þarf því að breikka gatnamótin, jarðvegsskipta, malbika og bræða síðan yfir svæðið í lokin. Núverandi reiðleið norðan Hamravegar verður útivistarstígur og útfæra þarf vesturenda hans að veginum austan bílastæðisins.

Virðingarfyllst,

Tómas Björn Hauksson